

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1756

2026/EES/24/30

frá 25. júní 2024

## um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2023/915 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (1), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 (2) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum. Sú reynsla sem hefur fengist eftir gildistöku þessarar reglugerðar hefur leitt í ljós að sumir liðir í töflunni í I. viðauka við þá reglugerð eru óskýrir. Því er orðið nauðsynlegt að skýra þessa liði nánar.
- Þar eð sértækar reglur um sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með hámarksgildum fyrir drjóna grasdrjónasveppa í óunnu korni, að undanskildu óunnu rúgkorni, eru ekki fyrir hendi er kveðið á um í lið 1.8.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 að slík sýnataka og greining skuli fara fram í samræmi við B-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 (3). Þar eð í millitíðinni var mælt fyrir um sértækar reglur um sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með hámarksgildum fyrir drjóna grasdrjónasveppa með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2782 (4) ætti að fella brott tilvísunina í reglugerð (EB) nr. 401/2006 í lið 1.8.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- Í lið 1.9.5. í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er sett fram hámarksgildi fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 í brauðvörum þar sem a.m.k. 90% af innihaldinu eru malaðar afurðir úr höfrum. Þessu hámarksgildi er ætlað að gilda um brauðvörur sem innihalda mikið af höfrum. Á grundvelli reynslu af samsetningu matvæla sem fást á markaði innihalda brauðvörur sem innihalda mikið af höfrum, s.s. hafrakökur, í mörgum tilvikum þó minna en 90% af möluðum afurðum úr höfrum, alla jafna á bilinu 75% til 85%. Því ætti að breyta lið 1.9.5 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- Þar eð sértækar reglur um sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með hámarksgildum fyrir trópanbeiskjuefni í barnamat og unnum matvælum með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn eru ekki fyrir hendi er kveðið á um í lið 2.2.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 að slík sýnataka og greining skuli fara fram í samræmi við J-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 401/2006. Þar eð í millitíðinni var mælt fyrir um sértækar reglur um sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með hámarksgildum fyrir trópanbeiskjuefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2783 (5) ætti að fella brott tilvísunina í reglugerð (EB) nr. 401/2006 í lið 2.2.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1756, 26.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1993/315/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/915/oj>).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/401/oj>).

(4) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2782 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 (Stjtið. ESB L, 2023/2782, 15.12.2023, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2023/2782/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2782/oj)).

(5) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2783 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi plöntueiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/705 (Stjtið. ESB L, 2023/2783, 15.12.2023, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2023/2783/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2783/oj)).

- 5) Til að tryggja öryggi neytenda ætti hámarksgildið fyrir blásýru í hörfræi sem er sett á markað fyrir lokaneytendur, sem mælt er fyrir um í lið 2.3.2 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915, að gilda óháð vinnslustigi hörfræsins. Því ætti að breyta þeim lið til samræmis við það.
- 6) Þar eð óunnir hafrar fyrir mölun eru settir á markað með hýðinu ætti hámarksgildið fyrir aðskotaefni í ónunnum höfrum, sem sett er fram í liðum 1.2.9 og 1.5.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915, að gilda um óunna hafra með hýði, jafnvel þótt hýðið sé óætt.
- 7) Markmið með reglugerð (ESB) 2023/915 er að mæla fyrir um hámarksgildi fyrir aðskotaefni fyrir óunnið korn sem sett er á markað á stiginu fyrir fyrsta stig meðhöndlunar. Þar eð núverandi orðalag er ekki nógu nákvæmt ætti að leiðrétta það í viðkomandi færslum í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- 8) Í lið 1.2.10 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er fastsett hámarksgildi fyrir okratoxín-A fyrir afurðir úr óunnu korni og fyrir korn sem er sett á markað fyrir lokaneytendur, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í öðrum færslum. Viðkomandi liður er ekki nógu skýr. Til að komast hjá misskilningi ætti að leiðrétta viðkomandi lið til að skýra nánar að orðalagið „sett á markað fyrir lokaneytendur“ eigi einungis við um „korn“ en ekki um „afurðir úr óunnu korni“.
- 9) Hrísgrjónaafurðir falla ekki undir tiltekin matvæli sem eru tilgreind í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915. Til að skýra nánar gildissvið þessarar útilokunar ætti að skilgreina innihald hrísgrjónaafurða í viðkomandi liðum í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- 10) Í lið 1.5.3 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er fastsett hámarksgildi fyrir searalenón fyrir kornvörur sem eru settar á markað fyrir lokaneytendur, kornmjöl, símiljurgjón, klíð og kím sem lokaafurð sem er sett á markað fyrir lokaneytendur, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í öðrum færslum. Viðkomandi liður er ekki nógu skýr. Til að komast hjá misskilningi ætti að leiðrétta viðkomandi lið til að skýra nánar að orðalagið „sett á markað fyrir lokaneytendur“ eigi einungis við um „kornvörur, klíð og kím“ en ekki um „kornmjöl og símiljurgjón“.
- 11) Samræma ætti orðalagið í undantekningunni í lið 2.3.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 varðandi hámarksgildin fyrir blásýru í olíufræi til mölunar og olíuhreinsunar við orðalagið í undantekningunni varðandi hámarksgildin fyrir aflatoxín í jarðhnetum og öðru olíufræi til mölunar til framleiðslu á hreinsaðri jurtaolíu í lið 1.1.4 í þeirri töflu. Því ætti að leiðrétta lið 2.3.1 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- 12) Til að leysa úr hugsanlegri tvíræðni og bæta framfylgd hámarksgilda fyrir díoxín og fjöklóruð bifényl (PCB-efni) í tilteknum afurðum úr dýraríkinu ætti að leiðrétta orðalagið í athugasemdunum sem varða þessar afurðir í 4. lið í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- 13) Til að tryggja samræmda framfylgd hámarksgilda fyrir díoxín og PCB-efni í hjartarkjöti ætti að bæta við nánari útlistun á dýrategundinni sem kjötið er af í lið 4.1.1.8 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- 14) Upp hefur komið ósamræmi í framfylgd hámarksgilda fyrir fjölhringa arómatísk vetniskolefni í tilteknum vörum fyrir ungbörn og smábörn sem voru fastsett með reglugerð (ESB) 2023/915. Til að koma í veg fyrir slíkt ósamræmi ætti að gera greinarmun á vörum sem eru settar á markað í duftformi og vörum sem eru settar á markað í fljótandi formi.
- 15) Afhýðing er ferlið við að fjarlægja hýði fræs og telst vera hluti af hreinsunarferlinu. Til að koma í veg fyrir að afhýðing geti talist hluti af fyrsta stígs meðhöndlun ætti að leiðrétta 6. athugasemd við töfluna í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- 16) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 eru leiðrétt í samræmi við B-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

VÍÐAUKI

A-HLUTI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 1.8.1 í færslunni fyrir drjólálasveppa og beiskjuefni úr grasdrjólálasveppi í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„1.8.1	Drjólálasveppa	Hámarksgildi (g/kg)	Athugasemdir
			Hámarksgildið gildir um óunnið korn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> . Ef þússun <sup>(6)</sup> er framkvæmd þegar drjólálasveppa eru til staðar skal kornið fara fyrst í hreinsun áður en þússun fer fram.“

2. Í stað liðar 1.9.5 í færslunni fyrir eitufefnin T-2 og HT-2 í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„1.9.5	Brauðvörur þar sem a.m.k. 75% af innihaldinu eru malaðar afurðir úr höfnum	100	Að meðtöldu smáu kaffibrauði.“
--------	--	-----	--------------------------------

3. Í stað liðar 2.2.1 í færslunni fyrir trópanbeiskjuefni í 2. lið (plöntueitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„2.2.1	Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn <sup>(7)</sup> sem innihalda hirsí, dúrru, bókhveiti, maís eða afleiðdar afurðir úr þeim	1,0	1,0
			Með afleiðdum afurðum er átt við afurðir þar sem a.m.k. 80% af innihaldinu eru kornafurðir. Hámarksgildið gildir um afurðina eins og hún er sett á markað.“

4. Í stað liðar 2.3.2 í færslunni fyrir blásýru, þ.m.t blásýra sem er bundin í sýniðmyndandi glýkósíð, í 2. lið (plöntueitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„2.3.2	Heil, möluð, steytt, brotin eða söxuð hörfræ sem eru sett á markað fyrir lokaneytendur	150	
			Hámarksgildið gildir ekki um heil, möluð, steytt, brotin eða söxuð hörfræ sem eru sett á markað fyrir lokaneytendur í litlu magni þar sem varnaðarorðin „Eingöngu til notkunar í matargerð og bakstur. Ekki til neyslu hrátt!“ birtast á meginjónsviði merkimiðans (nota skal tilgreindu leturstærðina <sup>(11)</sup> ). Heil, möluð, steytt, brotin eða söxuð hörfræ með viðvörunarorðum skulu vera í samræmi við hámarksgildið sem kveðið er á um í 2.3.1.“

## B-HLUTI

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 eru leiðrétt sem hér segir:

1. Í stað liða 1.2.9 og 1.2.10 í færslunni fyrir okratoxín A í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„1.2.9	Óunnið korn	5,0	Hámarksgildið gildir um óunnið korn (ef um er að ræða hafra, korn með lýði) sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .
1.2.10	Kornvörur sem eru settar á markað fyrir lokaneytendur Afurðir úr óunnu korni, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 1.2.11, 1.2.12, 1.2.13, 1.2.23 og 1.2.24	3,0	Að meðöldum unnum kornafurðum. Með afurðum úr óunnu korni er átt við afurðir þar sem a.m.k. 80% af innihaldinu eru kornafurðir.“

2. Færslan fyrir deoxýnivalenól í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni er leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.4.7 kemur eftirfarandi:

„1.4.7	Kaffibrauð, nasl úr korni og morgunkorn	400	Að undanskildum hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu kornmihaldsefniin). Að meðöldu smáu kaffibrauði.“
--------	---	-----	---

b) Í stað liða 1.4.9 og 1.4.10 kemur eftirfarandi:

„1.4.9	Barnamatgur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn <sup>(3)</sup>	150	Að undanskildum hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu kornmihaldsefniin). Hámarksgildið gildir um þurrefni <sup>(5)</sup> í vörinni eins og hún er sett á markað.
1.4.10	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum <sup>(3)</sup>	150	Að undanskildum hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu kornmihaldsefniin). Hámarksgildið gildir um þurrefni <sup>(5)</sup> í vörinni eins og hún er sett á markað.“

3. Færslan fyrir searalenón í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni er leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað liða 1.5.1 til 1.5.4 kemur eftirfarandi:

„1.5.1	Óunnið korn, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 1.5.2.	100	Að undanskildu óunnu maiskorni sem er ætlað til vinnslu með votmölun og að undanskildum hrisgrjónum. Hámarksgildið gildir um óunnið korn (ef um er að ræða hafra, korn með hýði) sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .
1.5.2.	Óunnið maiskorn	350	Að undanskildu óunnu maiskorni sem er greinilega, t.d. með merkingu þeirra eða viðtökustað, einungis ætlað til notkunar í votmölunarferli (sterkjuframleiðsla). Hámarksgildið gildir um óunnið maiskorn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .
1.5.3.	Kornvörur, klíð og kím sem eru sett á markað fyrir lokaneytendur Kornmjöl og símiljugjón Að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 1.5.5, 1.5.6. og 1.5.8.	75	Að undanskildum hrisgrjónum og hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu korninnihaldsefni).
1.5.4.	Brauð, sælabrauð, kex, nasl úr korni og morgunverðarkorn, að undanskildum vörum sem eru tilgreindar í 1.5.5	50	Að undanskildum hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu korninnihaldsefni). Að meðtöldu smáu kaffibrauði.“
b) Í stað liðar 1.5.8 kemur eftirfarandi:			
„1.5.8	Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn <sup>(3)</sup>	20	Að undanskildum hrisgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrisgrjón eða unnar afurðir úr hrisgrjónum eru einu korninnihaldsefni). Hámarksgildið gildir um þurrefni <sup>(5)</sup> í vörinni eins og hún er sett á markað.“
4. Í stað liðar 1.6.1 í færslunni fyrir fümónísín í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni kemur eftirfarandi:			
„1.6.1	Óunnið maiskorn	4 000	Að undanskildu óunnu maiskorni sem er greinilega, t.d. með merkingu þeirra eða viðtökustað, einungis ætlað til notkunar í votmölunarferli (sterkjuframleiðsla). Hámarksgildið gildir um óunnið maiskorn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .“

## 5. Færslan fyrir eiturefni T-2 og HT-2 í 1. lið (sveppaeitur) í töflunni er leiðrétt sem hér segir:

## a) Í stað liðar 1.9.4 kemur eftirfarandi:

„1.9.4	Brauðvörur, að undanskildum vörum sem eru tilgreindar í 1.9.5, pasta, nasl úr korni og morgunverðarkorn, að undanskildum vörum sem eru tilgreindar í 1.9.6, 1.9.7 og 1.9.8	20	Að undanskildum hrísgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrísgrjón eða unnar afurðir úr hrísgrjónum eru einu korninnihaldsefni). Að meðtöldu smáu kaffbrauði. Pasta er pasta (purrað) með vatnsinnihald sem nemur u.p.b. 12%.“
b) Í stað liða 1.9.9 og 1.9.10 kemur eftirfarandi:			
„1.9.9	Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn <sup>(3)</sup>	10	Að undanskildum hrísgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrísgrjón eða unnar afurðir úr hrísgrjónum eru einu korninnihaldsefni). Hámarksgildið gildir um þurrefni <sup>(5)</sup> í vörinni eins og hún er sett á markað.
1.9.10	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum <sup>(3)</sup>	10	Að undanskildum hrísgrjónaafurðum (afurðir þar sem hrísgrjón eða unnar afurðir úr hrísgrjónum eru einu korninnihaldsefni). Hámarksgildið gildir um þurrefni <sup>(5)</sup> í vörinni eins og hún er sett á markað.“

## 6. Í stað liða 2.2.2 til 2.2.4 í færslunni fyrir trópanbeiskjuæfni í 2. lið (plöntueitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„2.2.2	Óunnið hirsikorn og dúrrukorn	5,0	Hámarksgildið gildir um óunnið korn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .
2.2.3.	Óunnið maískorn	15	Að undanskildu óunnu maískorni sem er greinilega, t.d. með merkingu þess eða viðtökustað, einungis ætlað til notkunar í votmölunarferli (sterkjuframleiðsla) og að undanskildu óunnu maískorni til notkunar sem poppmáís. Hámarksgildið gildir um óunnið maískorn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .
2.2.4.	Óunnið bókhveitikorn	10	Hámarksgildið gildir um óunnið bókhveitikorn sem sett er á markað fyrir fyrsta stig meðhöndlunar <sup>(6)</sup> .“

7. Í stað liðar 2.3.1 í færslunni fyrir blásýru, þ.m.t blásýra sem er bundin í sýantömyndandi gjýkósíð, í 2. lið (plöntueitur) í töflunni kemur eftirfarandi:

„2.3.1	Óunnin heil, möluð, steytt, brotin eða söxuð hörfræ sem eru ekki sett á markað fyrir lokaneytendur	250	Hámarksgildið gildir ekki um olíufræ til mólunar til framleiðslu á hreinsaðri jurtaolíu, að því tilskildu að pressuðu olíufræin sem eftir eru séu ekki sett á markað sem matvæli. Ef pressuðu olíufræin, sem eftir eru, eru sett á markað sem matvæli gilda hámarksgildin, að teknu tilliti til 1. og 2. mgr. 3. gr.“
--------	--	-----	---

8. Færslan fyrir díoxín og PCB-efni í 4. lið (halögnuð þrávirk, lífræn mengunarefni) í töflunni er leiðrétt sem hér segir.

a) Í stað liðar 4.1.1 kemur eftirfarandi:

„4.1.1	Kjöt og kjötafurðir, að undanskildum ætum sláturmat og afurðum sem eru tilgreindar í 4.1.3 og 4.1.4 (2)			Hámarksgildið sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið gildir ekki um matvæli sem innihalda < 2% fitu. Að því er varðar matvæli sem innihalda minna en 2% fitu gildir hámarksgildið á grundvelli hvernar vöru fyrir sig. Þetta hámarksgildi er reiknað út með þessari formúlu: Hámarksgildi, gefið upp á grundvelli hvernar vöru fyrir sig (fyrir matvæli sem innihalda minna en 2% fitu) = hámarksgildi sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið (fyrir þau matvæli) × 0,02.“
--------	---	--	--	--

b) Í stað liðar 4.1.1.8 kemur eftirfarandi:

„4.1.1.8	af hjartardýrum	3,0 pg/g fita	7,5 pg/g fita	–“
----------	-----------------	---------------	---------------	----

c) Í stað liða 4.1.1.1. og 4.1.1.2. kemur eftirfarandi:

„4.1.11	Hrámjólk (2) og mjólkurafurðir (2)	2,0 pg/g fita	4,0 pg/g fita	40 ng/g fita	Að meðaldri smjörfitu. Hámarksgildið sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið gildir ekki um matvæli sem innihalda < 2% fitu. Að því er varðar matvæli sem innihalda minna en 2% fitu gildir hámarksgildið á grundvelli hvernar vöru fyrir sig. Þetta hámarksgildi er reiknað út með þessari formúlu: Hámarksgildi, gefið upp á grundvelli hvernar vöru fyrir sig (fyrir matvæli sem innihalda minna en 2% fitu) = hámarksgildi sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið (fyrir þau matvæli) × 0,02.“
---------	------------------------------------	---------------	---------------	--------------	--

4.1.12	Egg og eggjaafurðir, að undan- skildum gæsareggjum (2)	2,5 pg/g fita	5,0 pg/g fita	40 ng/g fita	Hámarksgildið sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið gildir ekki um matvæli sem innihalda < 2% fitu. Að því er varðar matvæli sem innihalda minna en 2% fitu gildir hámarksgildið á grundvelli hvernar vöru fyrir sig. Þetta hámarksgildi er reiknað út með þessari formúlu: Hámarksgildi, gefið upp á grundvelli hvernar vöru fyrir sig (fyrir matvæli sem innihalda minna en 2% fitu) = hámarksgildi sem er gefið upp í hlutfalli við fitumagnið (fyrir þau matvæli) × 0,02. <sup>4</sup>
--------	--	---------------	---------------	--------------	--

9. Færslan fyrir fjölríngja arómatísk vetniskolefni (PAH) í 5. lið (aðskotaefni úr vinnslu) í töflunni er leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað liðar 5.1.13 kemur eftirfarandi:

„5.1.13	Ungbarnablöndur, stoðblöndur (3) og smábarna- blöndur (4)				Hámarksgildið gildir um afurðina eins og hún er sett á markað.
5.1.13.1	settar á markað í duftformi	1,0		1,0	
5.1.13.2	settar á markað í fljóandi formi	1,0		1,0*	

b) Í stað liðar 5.1.15 kemur eftirfarandi:

„5.1.15	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknis- fræðilegum tilgangi sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum (3)				Hámarksgildið gildir um afurðina eins og hún er sett á markað.
5.1.15.1	settar á markað í duftformi	1,0		1,0	
5.1.15.2	settar á markað í fljóandi formi	1,0		1,0*	

10. Í stað 6. athugasemdar við töfluna kemur eftirfarandi:

„6. „Meðhöndlun á fyrsta stigi“ er hvers kyns eðlisfræðileg meðhöndlun eða hitameðhöndlun, önnur en þurrkun, á korninu. Hreinsun, þ.m.t. (pússun), afhýðing, flokkun (eftir atvikum lítaflokkun) og þurrkun teljast ekki vera „meðhöndlun á fyrsta stigi“ að svo miklu leyti að allt kornið sé heilt eftir hreinsun og flokkun. Pússun er hreinsun korns með því að burstu það og/eða skrúbba kröftuglega ásamt því að fjarlægja ryk (t.d. útsög). Lítaflokkun getur komið á eftir pússun fyrir mölun.“